

Kristín Jónsdóttir

Kt. 011147-7719

Félagsfundur Kvinnalista 9. maí 1989

Reynslan af valddreifingu

Valddreifing Kvinnalista felst í því að dreifa valdi, ábyrgð og verkefnum, stórum og smáum, inn á við og út á við.

Hugmyndir um valddreifingu hafa fallið í góðan jarðveg hjá kjósendum. Auk þess sem það er aðlaðandi fyrir konur sem vilja tímabundið eða til lengri tíma koma til starfa. Einstaka þingmenn úr öðrum flokkum hafa gert athugasemdir við það að tvær af okkar þingkonum sætu aðeins í sex ár. Þeir hafa jafnvel fært að því rök að þetta sé ólöglegt að viðhafa þessi vinnubrögð.

Hvernig er valddreifingin í verki, hvernig gengur hún í reynd? Misjafnlega má fullyrða. Ef við skoðum hreyfinguna inn á við má segja að oft hefur skort á að einhver beri ábyrgð á einstökum verkefnum sem við tökum að okkur og hugmyndir um valddreifingu hefur orðið til þess að við finnum ekki til nógu mikillar ábyrgðar og „enginn á verkefnið.“ Við réttum upp hönd á fundum og lýsum yfir vilja til að taka að okkur verkefni, skráum okkur á lista og síðan ekki söguna meir. Hefur valddreifingarhugmyndin orðið til þess að konur finna ekki til persónulegrar ábyrgðar gagnvart þeim verkefnum sem við tökum að okkur. Ég spyr? Valddreifing á ekki að koma í veg fyrir að einhver ein sé ábyrgð á að verk klárast.

Oftast bjargast þetta því að tvær eða þrjár konur, oft tilneyddar, taka að sér að koma málinu í höfn á síðustu stundu. Oft hef ég dáðst að dugnaði margra kvenna sem eru í fullri vinnu með heimili og börn en skila þrátt fyrir það ótrúlega mikilli vinnu fyrir hreyfinguna. Stundum hef ég saknað þess hvað við sýnum það sjaldan í verki hve mikið við metum það sem konur eru að gera fyrir hreyfinguna. Valddreifingin er einn mikilvægasti þátturinn í svona hreyfingu. Hún er ástæða þess að oftast er hér lifandi innra starf.

Út á við er valddreifingin einnig mikilvæg. Þó tel ég að breiddin mætti vera meiri. Þær sem hafa komið sem fulltrúar Kvinnalista hafa staðið sig vel en þær eru of fáar.

Grasrótin mætti vera sýnilegri og þar á ég við konur sem ekki hafa formlegt embætti innan hreyfingarinnar. Fjölmiðlar biðja fyrst og fremst um þingkonu, borgarfulltrúa eða framkvæmdastjóra. Við höfum viljað ráða því hver kemur fram fyrir hönd hreyfingarinnar. Oft er svarið „þá kemur engin frá ykkur.“

Það er stundum erfitt að fá konur til að tala fyrir framan mannfjölda eða fara í fjölmiðil, en það helgast oft af æfingarleysi. Þegar Kvennaframboðið var stofnað var enginn griður gefinn. Við vorum allar jafn reynslulausar, vorum að gera allt í fyrsta skipti og urðum að taka því sem að höndum bar. Hvort heldur að fara í útvarp, sjónvarp eða flytja ræðu.

Enda var breiddin út á við verulega meiri en nú er þó að konum í hreyfingunni hafi fjölgað. Sumar konur eru orðnar reynslunni ríkari, öruggari og standa því betur að vígi en hinar reynsluminni. En þær geta alltaf leitað til hinna reynslumeiri sem eru ávallt reiðubúnar að miðla þekkingu. Ég hrekk alltaf við þegar ég heyri setningu eins og:

„Treystir einhver sér til að fara í útvarpið?“ Það var ekki spurning um að treysta sér.

Konur urðu bara að fara.